

Brussel, 23. febrúar 2011

Til ritstjóra Morgunblaðsins



Yfirlýsing vegna leiðara í Morgunblaðinu 22. febrúar 2011.

Vegna leiðara Morgunblaðsins í gær þar sem var vikið að undirrituðum og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) skal eftirfarandi tekið fram.

Hinn 26. maí sl. sendi ESA Íslandi áminningarbréf þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Íslandi hefði brotið gegn ákvæðum tilskipunar 94/19 um innstæðutryggingar og jafnræðisreglu EES-samningsins. Er bréfið og fréttatilkynning á íslensku aðgengileg á heimasíðu ESA [www.eftasurv.int](http://www.eftasurv.int) Var íslenskum stjórnvöldum veittur tveggja mánaða frestur til svara bréfinu. Frestur þessi hefur verið framlengdur.

Áminningarbréfið hefur að geyma frumniðurstöðu ESA og er tilgangur þess að útskýra málið og gefa stjórnvöldum kost á andmælum. Í framhaldi af því gerði undirritaður á sínum tíma grein fyrir afstöðu stofnunarinnar á opinberum vettvangi og hver gætu orðið næstu skref í málinu færi svo að málið leysist ekki.

Ef ESA telur, eftir að hafa kynnt sér andsvör stjórnvalda, að Ísland hafi gerst brotlegt við EES-samninginn er næsta skrefið í málsmeðferð stofnunarinnar að senda rökstutt álit til íslenskra stjórnvalda. Að síðustu gæti ESA síðan vísað málinu til EFTA-dómstólsins sem kvæði þá endanlega upp úr um hvort Ísland haf brotið gegn ákvæðum tilskipunarinnar og jafnræðisreglu EES-samningsins eður ei.

Undirritaður ber fylsta traust til EFTA-dómstólsins og telur engan vafa leika á því að í þessu máli muni hann leggja sjálfstætt mat á málið og dæma lögum samkvæmt, fari svo að málið endi þar. Staðhæfingar leiðarahöfundar um að undirritaður telji dómstólinn vera stimpilpúða fyrir ESA eru ekki á rökum reistar.

Virðingarfyllt,  
Per Sanderud.